

Aukin umsvif rannsóknarmanns sem starfar
við þunnsneiðgerð

Guðmundur Ómar Friðleifsson

Greinargerð GÓF-87-01

AUKIN UMSVIF RANNSÓKNARMANNS SEM STARFAR VIÐ ÞUNNSNEIÐGERÐ.

Fram til síðasta árs hefur starf tæknimanns við þunnsneiðagerð hjá Orkustofnun einkum falið í sér tvo þætti, annars vegar meðhöndlun bergsýna fyrir þunnsneiðagerð og síðan gerð þunnsneiðana sjálfra hins vegar. Þunnsneiðar eru notaðar til skoðunar á innri byggingu bergs (kristöllum, gleri, holrými, textúr o.fl.) í bergfræðismásjám. Á síðari árum hefur ný rannsóknartækni kallað á aukna kunnáttu tæknimanna við þunnsneiðagerð. Meðal rannsóknatækja sem nú eru notuð jöfnum höndum venjulegum bergfræðismásjám má nefna örgreina, rafeindasmásjár og sérstakar smásjár til skoðunar og mælinga á fasabreytingum í vökvabólum kristalla við hitun eða frystingu, ásamt smásjám til skoðunar málmsteinda. Orkustofnun ræður yfir tækjum til málmsteinda og vökvabólurannsókna og getur haft aðgang að örgreinum og rafeindasmásjám, ýmist innan lands eða utan. Í rannsóknatækjunum eru notaðar mismunandi gerðir þunnsneiða, ýmist gegn- eða ógegnsærra, og gljáfægðra á einni eða fleiri hliðum. Þar sem þörfin fyrir mismunandi gerðir þunnsneiða hefur aukist verulega hjá OS er nauðsynlegt að tæknimaður á þunnsneiðastofu valdi öllum gerðum slíkra sneiða. Krefst það aukinar þekkingar á viðfangsefninu og má t.d. nefna að sámlæg þekking á kristallafræði er nauðsynleg auk góðrar tæknikuunnáttu. Rannsóknarmaðurinn þarf jafnframt að hafa menntun til að geta fylgst með tækninýjungum bæði hvað varðar efni og tæki og helst að valda einfaldari nýsmíði tækja ásamt eðlilegu viðhaldi.

Í ljósi ofanritaðs er eðlilegt að sá rannsóknarmaður er starfinu mun gegna, fái launaflokkahækkun. Í dag er viðkomandi starfsmaður í launaflokki BSRB 59 og væri æskilegt að starfið yrði metið til launaflokks 62.